

SKÓLANÁMSKRÁ GRUNNSKÓLADEILDAR

HRAFNAGILSSKÓLA

2009-2010

Menntun snýst ekki um að fylla í fötu heldur að tendra eld

Frá og með haustinu 2009 er samrekinn leik- og grunnskóli undir merkjum Hrafnagilsskóla með einum skólastjóra og aðstoðarskólastjórum á hvoru stigi. Hér er skólanámskrá grunnskólans birt.

HLUTVERK GRUNNSKÓLA

„Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.“

(Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. grein).



Hlutverk

Hrafnagilsskóli hefur það hlutverk að veita menntun á leik- og grunnskólastigi eins og hún gerist best á hverjum tíma, að virðing og vingjarnleiki einkenni öll samskipti og að rækta manngildi.

Dyggðir

Skólastarfið hvílir á virðingu fyrir öllum, ábyrgri hegðun, umhyggju og vingjarnleika í samskiptum.

Að gera allt framúrskarandi vel

Umbótamiðuð vinnubrögð einkenna öll störf og unnið er samkvæmt skriflegum áætlunum.

FAGMENNSKA

Hrafnagilsskóli vinnur markvisst að því samkvæmt yfirlýstum aðferðum að hver nemandi fái kennslu við hæfi, að rekstur sé hagkvæmur og innan heimilda og að stjórnun skólans grundvallist á gegnsæjum starfsháttum.

Skilningur

Skilningur er grundvallarviðhorf í skólasamfélaginu með það að leiðarljósi að allir hafi hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur.

Framtíðarsýn

Grunn- og leikskóli er einn af hornsteinum hvers samfélags. Hrafnagilsskóli vill hafa farsæl mótandi áhrif á samfélagið og að litið verði með trausti til alls þess sem þar er gert. Nám og kennsla er þungamiðja skólastarfs og því mikilvægt að fagfólk komi að öllum störfum sem þar að lúta. Það er metnaðarmál Hrafnagilsskóla að nemendur fái góða menntun, að skólinn sé eftirsóknarverður vinnustaður, að hann sé þekktur fyrir fagmennsku, áreiðanleika og árangur.

KENNSLU- OG UPPELDISSTEFNA HRAFNAGILSSKÓLA

- Skólamenning Hrafnagilsskóla skal einkennist af vilja stjórnenda, kennara og annarra starfsmanna til að nemendur nái góðum námsárangri.
- Námið byggir á árangursviðmiðum, vandaðri áætlanagerð, vali á námsefni, kennsluáðferðum og námsmati sem styður nemendur í að ná færni viðmiðum.
- Stjórnendur leiða starfsþróun í kennslu á grundvelli fimm meginþátta í starfi kennarans: persónulegum eiginleikum, fagþekkingu, áætlanagerð og undirbúningi, kennslu og bekkjarstjórnun og námsmati.
- Vingjarnleiki, ábyrg hegðun og virðing einkenna samskipti í skólanum.

Forsenda alls náms er vellíðan og það er frumhlutverk grunnskóla að skapa starfsanda sem laðar hana fram. Það er yfirlýstur vilji starfsfólks Hrafnagilsskóla að ná því marki með því fyrst og fremst að:

- koma fram við nemendur af virðingu og góðvild,
- höfða til ábyrgðar nemenda á eigin námi og hegðun,
- laga nám að þörfum nemenda,
- sem flest í skólastarfinu sé fyrirsjáanlegt,
- taka mið af áhugasviði nemenda og
- skapa nemendum öruggt starfsumhverfi.

Til að efla með nemendum sjálfstraust, auka máttarkennd og skapa frjóar námsaðstæður þarf einkum tvennt að fara saman. Annars vegar þurfa verkefni að vera hæfilega krefjandi og hinsvegar að þau séu áhugavekjandi með viðeigandi hvatningu og endurgjöf. Nemendur læra að taka ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja það í samráði við kennara. Námsefni og kennsluáðferðir eru valdar með hliðsjón af Aðalnámsskrá.

UM HRAFNAGILSSKÓLA

Hrafnagilsskóli er einn af fjölmennustu skólum sem starfa í dreifbýli á Íslandi með 200 nemendur. Skólinn og sú aðstaða sem fyrir hendi er gerir staðinn að miðstöð sveitarfélagsins í mörgu tilliti. Hér er góð íþróttaaðstaða, aðalstöðvar Tónlistarskóla Eyjafjarðar og bókasafn Eyjafjarðarsveitar er í kjallara íþróttahúss.

Við skólann starfa 2? kennarar auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, deildarstjóri í 50% stöðu, námsráðgjafi í 12?% stöðu, iðjuþjálfari, stuðningsfulltrúi, 6 skólaliðar, 2 húsverðir, ritari, hjúkrunarfræðingur í 30% stöðu. Að auki eru 2 starfsmenn við mötuneytið sem rekið er af Eyjafjarðarsveit með samningi við Valdemar Valdemarsson og 6 bílstjórar sem starfa hjá SBA. Samanlagður fjöldi þeirra sem hér starfa er því hátt í 250 manns og er skólinn langfjölmennasti vinnustaður sveitarfélagsins.

Skólastjórnun

SKÓLANEFND EYJAFJARÐARSVEITAR

Í skólanefnd Eyjafjarðarsveitar eru Sigurður Friðleifsson formaður, Guðrún Harðardóttir, Valgerður Jónsdóttir, Jóhann Ólafur Halldórsson og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir. Auk þess starfa skólastjórar grunn- og leikskóla með nefndinni. Fulltrúar kennara og foreldra beggja skólanna hafa rétt til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi kennara Hrafnagilsskóla er Aníta Jónsdóttir og til vara Kristín Kolbeinsdóttir. Fulltrúi foreldrafélagsins er Hrafnhildur Vigfúsdóttir.

SKÓLASTJÓRAR

Karl Frímansson skólastjóri
Anna Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri
Björk Sigurðardóttir deildarstjóri

SKÓLARÁÐ

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og er ráðið skipað skipað 9 fulltrúum skólasamfélagsins. Hlutverk þess er að vera umsagnaraðili um starfsáætlanir skólans, koma að stefnumótun skólastarfsins og fylgjast með framkvæmd þess. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um meiri háttar breytingar sem fyrirhugaðar eru á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.

Í skólaráði sitja:

Karl Frímansson skólastjóri
Björk Sigurðardóttir deildarstjóri
Hans Rúnar Snorrason kennari
Deborah Júlía Robinson fulltrúi annars starfsfólks
María Hjelm Daníelsdóttir 9. b. fulltrúi nemenda
Bjarni Karlsson 10. b. fulltrúi nemenda
Adda Bára Hreiðarsdóttir fulltrúi foreldra
Brynhildur Bjarnadóttir fulltrúi foreldra
Sigmundur Guðmundsson fulltrúi grenndarsamfélagsins

DEILDARSTJÓRN OG STIGSTJÓRN

Skólanum er skipt á 3 stig. Yngsta stig 1. - 3. bekkur, miðstig, 4. - 7. bekkur og unglिंगastig 8. - 10. bekkur. Stigstjóri er yfir hverju stigi og starfar hann skv. verklýsingu. Stigstjórar veturinn 2009 - 2010 eru:

- Halla Óladóttir á yngsta stigi
- Aníta Jónsdóttir á miðstigi
- Björk Sigurðardóttir á unglिंगastigi.

Stigsfundir eru að jafnaði haldnir hálfsmánaðarlega.

Björk Sigurðardóttir er jafnframt deildarstjóri og hefur m.a. umsjón með skólavistun, blönduðum störfum, stigstjórn á unglिंगastigi, hluta þróunarstarfs og öðrum verkefnum sem fallið geta undir verksvið deildarstjóra.

SKIPULAG SKÓLAÁRSINS

SKIPULAG SKÓLAÁRSINS

Skólaárinu er skipt í 2 annir. Haustönn hefst 24. ágúst og lýkur um áramót. Vorönn stendur til loka skólaársins og síðasti skóladagur nemenda er 28. maí. Skólaslit verða 1. júní.

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ

Vikulegur stundafjöldi nemenda eftir bekkjum er sem hér segir:

- 1. — 4. bekkur 31 kennslustund
- 5. — 7. bekkur 35 kennslustundir
- 8. - 10. bekkur 37 kennslustundir.

Miðað er við 40 mínútna kennslustundir. Í 1. – 4. bekk eru kennslustundir einni fleiri en lágmark Aðalnámskrár grunnskóla segir til um. Þessi viðbótartími er tilkominn vegna samræmingar á skólaakstri, þar sem að öðrum kosti þyrftu þessir nemendur að bíða eftir að kennslu lyki hjá eldri bekkjum.

NÁMSRÁÐGJÖF OG NEMENDAVERND

Aníta Jónsdóttir er námsráðgjafi skólans.

Námsráðgjafinn starfar samkvæmt meginmarkmiðum námsráðgjafar í grunnskóla.

Helstu verkefni námsráðgjafa í Hrafnagilsskóla eru:

- að veita persónulega ráðgjöf
- að leiðbeina um vinnubrögð í námi, svo sem lestrartækni, prófundirbúning, glósutækni og áætlanagerð
- að undirbúa nemendur fyrir skólaskipti
- að hafa umsjón með náms- og starfsfræðslu
- forvarnastarf, svo sem varnir gegn vímuefnum, einelti og öðru ofbeldi.
- ráðgjöf um náms- og starfsval
- ráðgjöf til foreldra varðandi nám barna

Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við kennara og foreldra eftir því sem við á.

Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan eða utan skóla, svo sem sérkennara, hjúkrunarfræðing og sálfræðinga.

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði og starfar einnig sem forvarnarfulltrúi skólans.

NEMENDAVERNDARRÁÐ

Í skólanum er starfandi nemendaverndarráð sem fundar einu sinni í mánuði. Hlutverk ráðsins er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Það fjallar jafnframt um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur og nemendahópa í málum sem vísað hefur verið til ráðsins.

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og sálfræðingur skólans. Kennarar og foreldrar eru kallaðir til eftir þörfum og eðli mála hverju sinni. Einnig getur ráðið leitað aðstoðar sérfræðinga utan skólans.

SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Í gildi er samningur Eyjafjarðarsveitar við Akureyrarbæ um þjónustu og ráðgjöf við grunn- og leikskólann. Í þeim felst sérkennslu- og sálfræðiráðgjöf vegna einstakra nemenda. Í 40. grein grunnskólalaga segir: *Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.*

SKIPAN Í BEKKI

Nemendafjöldi í árgöngum er mismikill, frá 17 upp í 25. Heildarfjöldi nemenda er 200. Skipting í bekki fer eftir aldri. Bekkjum er skipt í sumum verklegum greinum þar sem aðstæður eða eðli kennslunnar takmarka nemendafjölda. Í eftirtöldum fögum er hámarksfjöldi nemenda þessi:

- Smíðar 12 nemendur.
- Myndmennt 18 nemendur.
- Textíl 12 nemendur.
- Tölvufræðsla 15 nemendur.

Einnig getur komið til skiptingar í bekkjum ef margir nemendur í sama bekk þurfa námsaðstoð og/eða eiga við hegðunarvanda að stríða. Í 6. og 7. bekk fer að hluta til fram samkennsla árganga með það að markmiði að viðhalda fjölbreytni í kennsluháttum.

SÉRKENNSLA

Aðstoðarskólastjóri hefur yfirumsjón með sérkennslumálum og metur þörf fyrir sérkennslu í samráði við kennara. Unnið er skv. reglugerð um sérkennslu þar sem kveðið er á um að heildarkennslumagn til sérkennslu er 0,25 tími á hvern nemanda. Í Hrafnagilsskóla samsvarar þetta 50 kennslustundum á viku. Að auki eru viðbótartímar vegna nemenda með fötlun og umtalsverða námsörðugleika. Í 17. grein grunnskólalaga er fjallað um nemendur með sérþarfir:

Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða

félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Í reglugerð um sérkennslu segir jafnframt:

Ef forráðamenn, kennarar og sérfræðingar sérfræðipjónustu skóla eru sammála um að nemandi þurfi á sérstöku námstilboði að halda skal hann eiga rétt á sérkennslu. Í framhaldi af slíkri ákvörðun skal leita samþykkis forráðamanna fyrir sérkennsluúrræðum sem skólinn leggur til og gerð einstaklingsnámsskár. Allar athuganir og rannsóknir sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki forráðamanna. Forráðamönnum er heimilt að lesa þau gögn sem eru í vörslu skóla og fræðsluyfirvalda sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar varðandi skólagöngu barna þeirra að viðstöddum sérfræðingi viðkomandi starfsstéttar.

Sérkennarar, í samvinnu við aðra kennara sem eiga í hlut, hafa umsjón með gerð námsáætlana fyrir einstaka nemendur. Til grundvallar skulu lagðar athuganir og prófanir sem gerðar hafa verið í skólanum og/eða af sérfræðingum skólaþjónustu. Áætlunin skal innihalda niðurstöður greininga, úrræði, markmið, kennsluáætlun, áætlun um mat og hvernig samskiptum við foreldra verður háttað.

Sérkennsla er veitt einstaklingum eða hópum. Hún getur verið bundin við afmarkaða þætti náms eða almenn námsaðstoð og byggist skipulag og inntak hennar á greiningu og mati á stöðu nemenda og þörfum þeirra.

Þegar alvarlega fatlað barn hefur skólagöngu hefst undirbúningur með góðum fyrirvara, allt að einu ári. Sá tími er notaður til að koma á tengslum við foreldra barnsins, afla upplýsinga um þarfir þess og skipuleggja kennslu og þann stuðning sem barnið kann að þarfnast.

Við skólann starfar sérdeild unglinga sem dvelja á meðferðarheimilinu á Laugalandi. Tveir kennarar annast kennslu þar og starfa þeir í nánú samstarfi við forstöðumenn heimilisins.

ÞRÓUNARSTARF

Á eftirtöldum sviðum er unnið að skipulögðu þróunarstarfi í skólanum:

- Byrjendalæsi er verkefni í lestrarkennslu 1.-4. bekkjar undir stjórn Skólaþróunarsviðs HA. Þátttakendur eru umsjónarkennarar 1.-4. bekkjar ásamt einum öðrum kennara í sömu bekkjum. Anna Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri er leiðtogi verkefnisins í skólanum.
- Unnið verður að því að festa í sessi þau verkefni sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Þar má nefna einstaklingsmiðaða kennsluhætti, fjölmenningslega kennslu, útikennslu í anda „Lesið í skóginn“, fjölbreytt námsmat og hollir lífshættir og heilbrigði.
- Þróun og viðhald skólastefnunnar. Helstu verkefni eru þróun gæðahringja og að vinna áfram með kjarnadyggðir.
- Í vetur verður unnið að gerð farniviðmiða í öllum námsgreinum.

KENNSLA NEMENDA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU

Nemendur, sem hafa annað móðurmál en íslensku eða ekki hafa vald á íslensku vegna búsetu erlendis, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Við móttöku þessara nemenda er fylgt svipuðu ferli og almennt þegar nýr nemandi kemur í skólann. Gerð er námsáætlun fyrir nemandann í samráði við foreldra og það tryggt að upplýsingar um skólastarf liggi fyrir með skýrum hætti. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Einnig er mikilvægt að nemendur viðhaldi móðurmáli sínu eftir því sem frekast er unnt. Skólinn er í samstarfi við Akureyrarbæ um kennslu í nokkrum tungumálum.

MÓTTAKA NÝRRA NEMENDA

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar. Foreldrar og nemandi eru boðað í skólann til kynningar áður en kennsla hefst. Við komu nýs nemanda í bekk er sérstaklega stuðlað að því að hann tengist þeim sem fyrir eru og er þá m.a. einum eða nokkrum nemendum falið það hlutverk að fylgja honum um skólann fyrstu dagana og bjóða honum að vera með í frímínútum.

Á vorönn er unnið í aldursblönduðum hópum að fjölbreyttum verkefnum í elsta árgangi leikskóladeildarog yngstu nemendum grunnskóladeildar Hrafnagilsskóla.

RECEPTION OF STUDENTS

When new students start at the school we try to make them feel welcome and give them and their parents all necessary basic informations about the school. School Administrators are responsible for the enrolment of foreign students. Parents are called for an interview along with the class teacher and an alien resident teacher, so they can get acquainted as soon as possible with the pupil and his/her parents and their background. A tour of the school is undertaken. Pupil (or pupils) from the class that the child will be attending is requested to act as superintendent during the first weeks at the school.

TILHÖGUN NÁMSMATS

Í Aðalnámskrá segir: SKOÐA

Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.

Námsmat á að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Námsmat er óaðskiljanlegur hluti náms og kennslu. Meta skal færni, þekkingu, framkomu, vinnubrögð, framfarir, frumkvæði og samvinnu. Matið miðar að því að

fylgjast með framförum og hvort nemendur hafi náð settum markmiðum Aðalnámskrár. Niðurstöður námsmats ber að skoða með tilliti til þess að nemendur eru ólíkir að upplagi, með mismunandi bakgrunn og að einungis er mögulegt að meta hluta þess sem nemendur fást við og læra. Unnið er fyrst og fremst með áfanga og lokamarkmið Aðalnámskrár.

Nám er annars vegar metið á grundvelli námsmarkmiða og hins vegar er gefin umsögn fyrir vinnubrögð, hegðun, samskipti og viðhorf. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og dregið er úr vægi skriflegra prófa. Helstu námsmatsaðferðir eru eftirtaldar:

- Leiðsagnarmat.
- Sjálfsmat nemenda.
- Jafningjamat.
- Mismunandi verkefni s.s. munnleg, skrifleg, verkleg, rafræn og myndræn í samræmi við viðfangsefni nemenda hverju sinni.
- Mat á námsmöppum.
- Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk.
- Könnunarpróf í 5. – 10. bekk.
- Lokapróf í 10. bekk.
- Stöðupróf í 2. – 4. bekk í lestri og stærðfræði.
- Skráning á vinnubrögðum bæði í skólanum og við heimavinnu.
- Skráning á frumkvæði og samvinnu.
- Skráning á hegðun og samskiptum í skólanum.
- Skráning á framförum.

Öllum nemendum ber að þreyta samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk en hægt er að sækja um undanþágu frá því að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skólastjóra er heimilt að veita undanþágur ef ríkar ástæður þykja til þess. Einnig er mögulegt að þreyta prófin með fráviki ef einhver hömlun er til staðar sem gerir nemendum erfitt fyrir. Niðurstöður samræmdra prófa og vinna með úrlausnir nýtast við endurskoðun á áherslum í kennslu einstakra nemenda og bekkja.

Við útskrift úr grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum skal staða nemenda metin í ljósi lokamarkmiða Aðalnámskrár. Vitnisburður við útskrift nemenda úr Hrafnagilsskóla er tvíþættur: annarsvegar er gefin fageinkunn sem greinir frá námslegri stöðu nemandans í ljósi lokamarkmiða Aðalnámskrár og hinsvegar vinnuumsögn sem greinir frá vinnubrögðum, hegðun, heimanámi og samskiptum.

Framsetning námsmats

Það sem lagt verður til grundvallar framsetningu námsmats eru annars vegar einkunnir fyrir námsmarkmið og hins vegar umsagnir fyrir önnur markmið skv. meðfylgjandi yfirlitstöflu:

	Námsmarkmið einkunn	Námsmarkmið umsögn	Vinnuumsögn
6.-10. b. bóklegar greinar	X	X	X
1.-5. b. bóklegar greinar		X	X
List- og verkgreinar		X	X

Íþróttir		X	X
Sund		X	X
Upplýsingat. 6. – 10. b.	X	X	X
Upplýsingat. 1.-5. b		X	X
Hegðun – samskipti – viðhorf			Sameiginleg umsögn tekin saman af umsjónarkennara

GREINANDI PRÓF

Eftirtalin greinandi próf eru lögð fyrir til að kanna tiltekna þætti náms og kennslu;

- lesskimun í 1. og 2. bekk,
- leshraða- og lesskilningspróf í hljóðlestri á vorönn í 3. og 5. bekk,
- lestrar- og stafsetningarskimun í 9. bekk,
- stafsetningarskimun í lok 2. – 7. bekkjar,
- stærðfræðiskimun í 3. bekk og 6. bekk,
- hreyfipróf í 1. bekk og
- Tove Krogh-teiknipróf 1. bekk.

Niðurstöður greinandi prófa nýtast fyrst og fremst kennurum til að skipuleggja nám og kennslu einstakra nemenda en foreldrum er gert aðvart ef frávik nemenda eru umfram það sem eðlilegt má teljast, þannig að æskilegt sé að grípa til sérstakra úrræða svo sem sérkennslu. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir greinandi próf.

PRÓFAFYRIRKOMULAG

Próf eru að jafnaði felld inn í daglega stundaskrá nemenda að undanteknum samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk. Lokapróf eru haldin í 10. bekk í maí.

VITNISBURÐUR

Niðurstöður samræmdra prófa eru annars vegar sendar hverjum og einum og hins vegar er árangur skólans í heild kynntur í fréttabréfi, á heimasíðu og við skólaslit. Vitnisburður um námsárangur á haustönn er sendur heim í janúar en afhentur á skólaslitum fyrir vorönn. Auk námsárangurs eru einnig metin vinnubrögð, samskipti, hegðun og heimanám.

MAT Á SKÓLASTARFI - SJÁLFSMAT

Gerð hefur verið áætlun um altækt mat á starfi í samræmi við lög um grunnskóla sem gera ráð fyrir því að hver skóli setji sér áætlun um innra mat. Þar segir í 36. grein:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Matinu er ætlað að vera leiðbeinandi og á grundvelli niðurstaðna geti starfsmenn unnið að endurbótum þar sem þess gerist þörf, foreldrar fengið áreiðanlegar upplýsingar um skólastarfið og yfirvöld þau gögn sem leitað er eftir.

Tilgangur sjálfsmats.

- Fyrir nemendur á matið að leiða til árangursríkara náms og betri líðanar.
- Fyrir kennara á það að leiða til meiri árangurs í starfi og aukins starfsþroska.
- Fyrir foreldra á það að leiða til áreiðanlegri upplýsinga frá skólanum, trausts á skólastarfinu og aukinnar þekkingar á því.
- Fyrir skólastjórnendur á það vera til leiðsagnar um nauðsynleg eða æskileg skref í skólaþróun.

Meðal þeirra spurninga sem leitað er svara við í innra mati eru:

- Uppfyllir skólinn lögboðið hlutverk?
- Hvernig stöndum við okkur og hvernig vitum við það?
- Skoðuð er t.d. skólastefna, einkunnir, framfarir nemenda, líðan og umgengni.

Í vetur verða eftirtaldir þættir metnir:

- Námsmat.
- Stjórnun, forysta og trygging gæða.

SKÓLAREGLUR

1.gr

Skólareglum er ætlað að skapa starfsanda sem byggir á vellíðan, gagnkvæmri virðingu og samábyrgð allra í skólasamfélaginu. Þær skulu tryggja vinnufrið í kennslustundum, almenn mannréttindi og öryggi í samskiptum. Skólareglur taka til alls skólasamfélagsins og er öllum skylt að fara eftir þeim. Þær eiga við á skólatíma, í skólahúsnæðinu, mötuneyti, á skólalóðinni, í skólabílum og á ferðum sem farnar eru á vegum skólans.

2.gr

Almenn umgengni skal einkennast af umburðarlyndi og kurteisi, snyrtimennsku og virðingu fyrir eignarréttinum. Líta ber á vinnufrið í skólastofunni sem sjálfsögð mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði skal haft að leiðarljósi. Öllum ber að vera stundvísir og ganga hljóðlega um húsakynni skólans.

3.gr

Tilkynna ber forföll samdægurs. Leyfi í 1-2 daga getur forráðamaður/foreldri sótt um til umsjónarkennara eða ritara. Öll lengri leyfi þarf að sækja um til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Skrá texta um breytingu á komu í skólann eftir veikindi.

4.gr

Nemendur 1.-7. bekkjar eiga að fara út í frímínútum. Engum nemanda er heimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma nema með leyfi starfsfólks. Virða ber eignarrétt íbúa svæðisins. Öllum nemendum ber að nota hjálm á hjóli, línuskautum, hlaupahjóli og öðum samskonar leiktækjum. Nemendum með tilskilin leyfi er heimilt að koma á skellinöðru í skólann en ekki er heimilt að nota vélhjól á skólatíma.

5.gr

Stuðla ber að heilbrigðum lífsháttum varðandi neysluvenjur, útivist og hreyfingu. Óheimilt er að vera með tyggjó, sælgæti eða gosdrykki nema með sérstöku leyfi. Neysla hvers kyns vímuefna er með öllu óheimil, þar með talið tóbak og áfengi.

Notkun farsíma er með öllu óheimil í kennslustundum og mötuneyti skólans. Nemendum 1.-7. bekkjar er óheimilt að nota símana á skólatíma og skulu þeir geymdir í skólatöskum þar til skóla lýkur. Nemendur 8.-10. bekkjar mega nota símana á skólatíma utan kennslustunda. Ef símar eru notaðir í kennslustundum eða á skólatíma hjá 1.-7. bekkjum þá verða þeir teknir í vörslu starfsfólks þar til skóladegi lýkur.

6.gr

Gengið er að því sem gefnu að nemendur komi í skólann til að læra og skal allt skólastarf miðast við það. Nemendum ber að sinna heimanámi skv. fyrirmælum kennara. Nemendur skulu hlýða fyrirmælum starfsfólks skólans.

7.gr

Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum nemenda og fjármunum. Tryggingar skólans bæta skaða sem rekja má til vanrækslu af hálfu skólans. Í þeim tilvikum sem nemendur slasast og þurfa á slysadeild greiðir skólinn fyrir fyrstu komu þangað.

8.gr

Umsjónarkennarar skulu kynna nemendum sínum skólareglur Hrafnagilsskóla sem og forráðamönnum/foreldrum.

9.gr

Gæta skal hófs við beitingu viðurlaga við broti á skólareglum. Viðurlög skulu til þess fallin að hvetja nemendur til bættrar hegðunar.

10.gr

Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Umsjónarkennari skal ávallt greina foreldri/forráðamanni tafarlaust frá málavöxtum eða sjá til þess að það verði gert.

VIÐURLÖG VIÐ BROTUM Á SKÓLAREGLUM

Fylgi nemandi ekki almennum skólareglum og umgengnisvenjum skal reynt til þrautar að efla skilning hans á viðunandi hegðun. Ef það tekst ekki skal umsjónarkennari hafa samband við forráðamann/foreldri og kalla eftir samstarfi til lausnar á vandanum. Leita skal ástæðu fyrir hverju broti og skulu viðurlög vera í samræmi við það.

Viðurlög við ítrekuðum brotum á skólareglum geta verið brottvikning úr kennslustund, að taka nemandann út úr kennslustund og láta hann fást við önnur verkefni það sem eftir lifir skóladags eða vísa nemanda tímabundið úr ákveðinni námsgrein. Ekki má beita þessum ákvæðum nema hafa nemandann í umsjá starfsmanns. Ef ítrekuð brot eru alvarleg eða stefna lífi eða heilsu í hættu innan skólans má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans (sbr. reglugerð nr. 270/2000 um skólareglur í grunnskólum).

Verði hegðun nemanda til þess að ekki náist vinnufriður í kennslustofu skal ræða við viðkomandi í þeim tilgangi að glæða skilning svo að hegðunin endurtaki sig ekki. Við ítrekuð brot vegna truflunar, áreitni, orðbragðs eða hættu á að viðkomandi skaði sjálfan sig eða aðra er heimilt að vísa nemanda úr tíma og verður hann þá að vera í umsjá starfsmanns sem fer með nemandann í einrúm, gefur honum færi á að jafna sig og í framhaldi af því bæta fyrir hegðun sína Umsjónarkennari lætur forráðamann nemandans vita ef til slíkra aðgerða kemur. Umsjónarkennari, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða sérfróður ráðgjafi skal ræða við nemanda sem brýtur af sér til þess að hann geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess. Við ítrekuð brot verður málum vísað til nemendaverndarráðs, sérfræðiþjónustu eða skólanefndar, allt eftir eðli málsins. Heimilt er að grípa til hámarks viðurlaga ef hegðun færist ekki í viðunandi horf.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á því tjóni sem þeir valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Týni nemandi bók sem skólinn lánar honum eða valdi á henni skemmdum skal viðkomandi bæta skaðann.

Ef nemendur verða uppvísir að neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna skal hafa samband við forráðamann og láta skólastjóra vita. Fyrsta brot á þessari reglu varðar brottvísun viðkomandi nemanda úr skóla í einn dag.

Komi til aðgerða vegna brota á skólareglum skal ávallt tilkynna þær forráðamanni og fara að stjórnarsýslulögum.

Við meðferð agabrota er tekið mið af reglugerð um skólareglur í grunnskóla nr. 270/2000 sem menntamálaráðuneytið hefur sett.

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán.

Sameiginleg verksvið skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi;

- námsstuðningi,
- að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðu, virðingu í samskiptum og vingjarnleika. að efla skilning á mikilvægi menntunar og skólastarfi,
- að vera hvetjandi,
- að vera leiðandi í uppeldi sem er meðalvegurinn milli ofríkis og afskiptaleysis.

Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt stuðlum við að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

FORELDRAFÉLAG

Við Hrafnagilsskóla er starfandi foreldrafélag. Formaður þess er en aðrir í stjórn eru Brynhildur Bjarnadóttir, ritari, Hrafnhildur Vigfúsdóttir, gjaldkeri, Elvý Hreinsdóttir og Kolbrún Elfarsdóttir, meðstjórnendur.

FORMLEGT SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Af hálfu skólans er skipulagt samstarf við foreldra með eftirfarandi hætti:

Foreldrasamtöl

Að lágmarki hittast foreldrar og kennarar fimm sinnum á vetri.

- Námskynning að hausti.
- Tvö viðtöl heima eða í skóla.
- Fundur umsjónarkennara með öllum foreldrum.
- Kynning nemenda á námsmöppum (eða öðrum verkefnum).

Fréttabréf

Skólinn sendir fréttabréf á heimilin í byrjun hvers mánaðar með upplýsingum um skólastarfið.

Heimasíða

Á heimasíðu skólans er að finna skólanámskrána í heild og aðrar gagnlegar upplýsingar um skólastarfið. Einnig birtast þar fréttir og myndir af skólastarfinu. Slóðin er <http://www.krummi.is>

Kynningarfundir og bekkjarfulltrúar

Námskynningar eru haldnar með foreldrum í hverjum bekk að hausti. Þar eru bekkjarnámskrár afhentar og kynntar foreldrum. Á fundinum kjósa foreldrar tvo fulltrúa bekkjarins úr sínum hópi. Stjórn foreldrafélagsins boðar alla bekkjarfulltrúa á sameiginlegan fund. Einnig eru bekkjarfulltrúar tengiliðir umsjónarkennara við aðra foreldra ef leita þarf aðstoðar við einstakar skemmtanir eða aðra viðburði í skólalífinu.

Mat á skólastarfi

Óskað verður eftir því við foreldra að þeir taki þátt í mati á skólastarfi með því að svara nokkrum spurningum í tölvu í gegnum vef.

Tölvupóstur

Allir starfsmenn hafa netfang og eru foreldrar, sem til þess hafa aðstæður, hvattir til að nýta sér þennan samskiptamáta.

Umsjónarkennarar senda foreldrum tölvupóst að jafnaði vikulega en að lágmarki hálfsmánaðarlega um skólastarfið.

Viðtalstímar kennara

Kennarar hafa ekki fastan viðtalstíma heldur geta foreldrar/forráðamenn hringt á skólatíma og beðið um viðtal eða sent viðkomandi kennara tölvupóst.

Vitnisburðarblöð

Nemendur fá vitnisburðarblöð afhent í lok haustannar og við skólaslit að vori.

HEIMAVINNA NEMENDA

Heimanám er mikilvægt og er lögð áhersla á að foreldrar beri ábyrgð á heimanámi barna sinna. Sumir nemendur læra heima upp á eigin spýtur en aðrir þurfa á leiðsögn og hvatningu að halda. Ekki er ætlast til þess að nemendur fái við verkefni heima sem þeir ráða ekki við. Nauðsynlegt er að skapa sem bestar aðstæður og næði fyrir heimavinnu nemenda.

Tilgangur heimanáms getur verið:

- undirbúningur náms fyrir næsta tíma.
- að stuðla að ákveðnum vinnuvenjum og sjálfsaga.

- að undirstrika ábyrgð nemenda á námi sínu.
- að gefa foreldrum tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna og veita þeim stuðning.
- að veita nemendum tækifæri til að festa í sessi og æfa það sem lært hefur verið í skóla.
- þjálfun á mikilvægri færni.

Í flestum bekkjum er gerð vikúáætlun fyrir heimanám. Ýmist eru þær settar inn á Mentor, nemendur fá áætlanir í hendur, færa þær inn í dagbók, skrá í áformsmöppu eða verkefni eru send heim vikulega í heimanámsmöppu. Þessar áætlanir eru til hjálpar og ættu að koma sér vel fyrir foreldra. Þannig sjá þeir til hvers er ætlast og geta fylgst betur með.

LÍFSLEIKNIÁÆTLUN

Markmið og tilgangur lífsleiknináms er að nemendur efli með sér sjálfsþekkingu, jákvæð lífsviðhorf, áhuga og hæfileika til að njóta sín í námi og starfi. Þessum þætti er sinnt jafnhliða vinnu með skólastefnuna. Þessi vinna byggir á umfjöllun um dyggðir í ljósi mannræktar sem eflir skilning meðal fólks og hvetur til óeigingirni og hjálpsemi. Lífsleikninám byggir á fjórum hornsteinum skólastefnunnar en það eru dyggðir, að gera allt framúrskarandi vel, að leggja eitthvað af mörkum og að efla skilning. Mikilvægt er að hafa í huga að allar námsgreinar og skólastarfið í heild fela í sér lífsleikni.

FORVARNIR

Forvarnastarf í Hrafnagilsskóla skiptist í þrjá meginhluta:

- Vímuvarnir og heilbrigður lífsstíll.
- Viðbrögð við áföllum.
- Viðbrögð við einelti.

VÍMUVERNIR OG HEILBRIGÐUR LÍFSSTÍLL

Markmið:

- gera nemendur færa um að rækta persónuleg lífsgæði sem fylgja þeim ævina á enda,
- efla getu nemenda til að bera ábyrgð á eigin lífi, taka ábyrga afstöðu til neyslu fíkniefna og misnotkunar á lyfjum,
- fræða nemendur um skaðsemi og hættur sem fylgja neyslu vímuefna,
- leitast við að skapa umhverfi og áhugasvið sem gerir neyslu vímuefna óæskilega og neikvæða í augum nemenda,
- styrkja líkamsvitund nemenda og ábyrgð á eigin líkama og
- halda uppi fræðslu fyrir foreldra/forráðamenn um vímuefni, skaðsemi þeirra og heilbrigðan lífsstíl.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM

Markmið:

- Tryggja viðeigandi viðbrögð skólans við ýmsum áföllum sem nemendur geta orðið fyrir vegna ýmissa atburða í lífinu.

Skipan áfallateymis

Í áfallateymi eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur skólans og námsráðgjafi. Aðrir eru kallaðir til eftir atvikum.

Hlutverk áfallateymis

Áfallateymi sér um að nemendur skólans fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli. Það hefur verkstjórn við válega atburði eða önnur áföll og metur aðstæður í hverju tilviki. Einnig gerir það áætlanir um viðbrögð eftir því sem við á og kynnir fyrir starfsfólki og stendur fyrir fræðslu fyrir starfsmenn um viðbrögð barna og fullorðinna við áföllum.

Mikilvægt er að foreldrar eða aðrir nánir aðstandendur láti skólastjóra eða umsjónarkennara vita af áföllum sem nemendur verða fyrir svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti eins fljótt og mögulegt er.

Einelti er ekki liðið í Hrafnagilsskóla og við leitum allra leiða til að stöðva það.

AÐGREÐIR GEGN EINELTI

Markmið:

- Stuðla að því að skólinn sé öruggur vinnustaður barna,
- stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum,
- fræða nemendur um alvarlegar afleiðingar eineltis,
- stuðla að samvinnu heimilis og skóla í eineltismálum,
- halda uppi fræðslu fyrir foreldra /forráðamenn um einelti og
- að foreldrar hafi greiðan aðgang að stefnu skólans í eineltismálum.

Skilgreining á einelti

Einelti er áreiti sem á sér stað þegar ofbeldi beinist að ákveðnum einstaklingi í lengri eða skemmri tíma. Í einelti felst misbeiting á valdi, sá kraftmeiri ræðst á þann kraftminni. Einelti á sér stað milli tveggja einstaklinga eða einstaklings og hóps. Einelti getur birst í ýmsum myndum, en algengast er að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt.

Þátttakendur eineltis

Þeir sem lenda í eineltisaðstæðum eru þolendur, gerendur og áhorfendur eða viðhlæjendur en þeir síðastnefndu taka ekki beinan þátt en koma þolandanum ekki til hjálpar.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Umsjónarkennurum ber að vinna gegn einelti með fyrirbyggjandi vinnu. Sem dæmi um hana má nefna bókmenntir sem fjalla um samskipti, lífsleikni, kristinfræði og

almennar umræður. Varið er einni kennslustund í viku í að halda gæðahringi eða bekkjarfundi og þar eru samskipti meðal annars rædd.

Tilkynning um einelti

Ef starfsfólk, nemendur eða foreldrar verða varir við einelti meðal nemenda ber að tilkynna það til skólastjóra eða námsráðgjafa.

Viðbrögð við einelti:

- Könnun á samskiptum, tengslum og líðan er lögð fyrir bekkinn,
- rætt er við meintan þolanda og gerendur,
- rætt er við foreldra þolanda og gerenda og þeim gerð grein fyrir stöðu mála og úrræðum sem boðið er upp á, svo sem viðtöl við sálfræðing eða námsráðgjafa skólans og
- unnið er með samskipti og tengsl í bekknum.

ÁÆTLUN UM STARFS- OG NÁMSKYNNINGAR

Námsráðgjafi hefur umsjón með náms- og starfskynningu nemenda. Hann skipuleggur m.a. heimsóknir nemenda í 10. bekk til framhaldsskólanna á Akureyri, VMA og MA og leiðbeinir nemendum um námsval.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTÖRF

Á VEGUM SKÓLANS

Allir bekkir;

- árshátíðir, ein á hverju aldurstigi.
- Dagur íslenskrar tungu.
- Sprengidagshátíð.

Yngsta stig;

- bekkjarsamkomur einu sinni til tvisvar yfir veturinn í samstarfi við foreldra.
- 4. bekkur fer í dagsferð á vordögum eða 2ja daga skólabúðaferð að Kiðagili í Bárðardal.

Miðstig;

- tómstundanámskeið tvisvar á vetri.
- íþrótt- og leikjadagar einu sinni til tvisvar á vetri.
- bekkjarsamkomur einu sinni til tvisvar yfir veturinn í samstarfi við foreldra.
- 7. bekkur fer í 5 daga dvöl í skólabúðunum að Reykjum í Hrutafirði.

Unglingastig;

- skólaferðalag í 10. bekk eftir samræmd könnunarpróf.
- bekkjarsamkomur einu sinni til tvisvar yfir veturinn.
- að öðru leyti er félagslíf á vegum félagsmiðstöðvarinnar.

Á VEGUM FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar mun í samráði við nemendaráð og skólastjórnendur móta tómstundastarfið. Þessir þættir verða uppistaðan í félagsstarfinu;

- opið hús eftir skóla til kl.17:00 í allt að 8 skipti yfir skólaárið,
- kvöldskemmtanir a.m.k. 4 skipti yfir skólaárið og
- klúbbastarf sem stendur yfir í 6 vikur á hvorri önn.

Fulltrúar unglíngastígs í nemendaráði halda fundi a.m.k. einu sinni í mánuði ásamt forstöðumanni félagsmiðstöðvar. Hlutverk þeirra er að taka þátt í skipulagi tómsundastarfsins og koma sjónarmiðum nemenda á framfæri.

SKÓLAFERÐALAG 10. BEKKJAR

Nemendur 10. bekkjar fara í skólaferðalag innanlands í maí. Skólinn greiðir fyrir fararstjórn 2 kennara í þrjár nætur/fjóra daga.

Ákvörðun um hvert skuli halda í skólaferðalag skal alfarið miðast við þá fjármuni sem til eru í nemendasjóði og skal kostnaður við ferðina ekki vera hærrí en nemendasjóður getur greitt. Er þá átt við heildarkostnað við ferðir, fæði, gistingu og afþreyingu. Verði afgangur af ferðasjóði rennur hann til félagsmiðstöðvar eða góðgerðamála að vali bekkjarins.

FJÁRSÖFNUN Í FERÐASJÓÐ

9. bekkur hefur söfnun í ferðasjóð sinn á árshátíð unglíngastígs. Söfnun þeirra lýkur á árshátíð næsta árs. Söfnunin er skipulögð í samstarfi nemenda, foreldra þeirra og umsjónarkennara sem heldur utan um framkvæmdina. Ekki er hægt að ráðstafa fjármunum úr nemendasjóði nema með samþykki og vitund umsjónarkennara, nemenda og foreldra.

BÓKASAFN

Bókasafn Eyjafjarðarsveitar er bæði skólabókasafn og almenningsafn. Það er opið alla daga frá kl. 8:15 - 12:30 og auk þess á mánudögum frá kl.13:00 - 16:00.

Markmið bókasafnsins eru meðal annars:

- Að safnkostur sé aðgengilegur nemendum og starfsfólki skólans sem og öðrum íbúum sveitarinnar og hafi fræðslu- og uppeldislegt gildi jafnframt því að vera til skemmtunar.
- Að veita nemendum fræðslu og þjálfun í notkun safna, öflun upplýsinga og úrvinnslu þeirra.
- Að örva áhuga nemenda og annarra íbúa sveitarinnar á notkun safnefnis til fróðleiks og skemmtunar.

1. - 4. bekkur kemur á safnið í eina kennslustund á viku og þar fá nemendur þjálfun í notkun safnsins, kynningu á safnkosti og kennslu í uppröðun og skipulagi safna. Reynt verður að tengja vinnu annarra bekkja við safnið þannig að verkleg þjálfun fái st í notkun þess og kynning á safnefni um leið.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

ÁBYRGÐ Á FJÁRMUNUM OG PERSÓNULEGUM EIGUM

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum sínum í skólanum. Þurfi nemendur að hafa peninga með sér í skólann eru þeir hvattir til að

biðja kennara, skólaliða eða ritara að geyma þá fyrir sig og aldrei að skilja verðmæti eftir í yfirhöfnum.

FARSÍMANOTKUN

Notkun farsíma er með öllu óheimil í kennslustundum og mötuneyti skólans. Nemendum 1.-7. bekkjar er óheimilt að nota símana á skólatíma og skulu þeir geymdir í skólatöskum þar til skóla lýkur. Nemendur 8.-10. bekkjar mega nota símana á skólatíma utan kennslustunda. Ef símar eru notaðir í kennslustundum eða á skólatíma hjá 1.-7. bekkingum þá verða þeir teknir í vörslu starfsfólks þar til skóladegi lýkur.

FATNAÐUR OG ÓSKILAMUNIR

Áríðandi er að merkja vel skólatöskur, skó, föt, íþróttafatnað og handklæði. Óskilamunir eru til sýnis í skólanum og eru foreldrar sérstaklega hvattir til að huga að munum barna sinna. Skólaliðar varðveita óskilamuni og er öllum bent á að leita til þeirra.

FORFÖLL KENNARA

Reynt er að útvega kennara í forföllum. Ekki er hægt að reikna með að það takist í öllum tilvikum, enda er fyrirvari oft skammur. Ef fella þarf niður kennslu hjá yngri nemendum er gengið úr skugga um hvort einhver sé heima áður en þeir eru sendir heim úr skóla.

FORFÖLL NEMENDA

Veikindi og forföll skal tilkynna að morgni á skrifstofu skólans. Jafnframt eru foreldrar beðnir um að láta skólabílstjóra vita. Nemendaleyfi eru veitt til nauðsynlegra erinda. Mælst er til að leyfisbeiðnum sé haldið í lágmarki, jafnframt eru foreldrar/forráðamenn beðnir um að fara fram á þær með góðum fyrirvara sé þess nokkur kostur. Foreldrar eru beðnir um að sækja um leyfi hjá skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra ef óskað er eftir leyfi meira en tvo daga, annars nægir að fá leyfi hjá umsjónarkennara eða ritara.

Í 15. grein grunnskólalaga frá 1. júlí 2008 er kveðið á um slík leyfi:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

HEIMSÓKNIR EFTIR SKÓLA

Þegar nemendur fara í heimsóknir hver til annars eftir skóla, þurfa þeir að vera búnir að fá leyfi foreldra áður en þeir koma í skóla og kanna hjá bílstjóra hvort pláss er í skólabíl.

NESTI

Flestum er það nauðsynlegt að fá hressingu í skólanum og er þá annað hvort hægt að hafa með sér nesti eða láta duga að fá sér mjólkurglas í skólanum en það stendur öllum til boða. Mikilvægt er að nestið sé hollt, t.d. smurt brauð, ávöxtur eða grænmeti. Sætabrauð, sætt kex og sætir drykkir eru ekki leyfðir. Þó geta kennarar gert

undantekningu á því við sérstök tilefni. Gosdrykkir eða orkudrykkir eru aldrei leyfðir í skólanesti.

OPNUN SKÓLA

Skólaliðar sem annast gæslu á nemendum utan kennslustunda mæta til vinnu kl. 8:00 að morgni og þá er skólinn jafnframt opinn nemendum.

ÓVEÐUR EÐA ÓFÆRÐ

Sú meginregla er höfð að leiðarljósi að skóla er aldrei aflýst vegna veðurs eða ófærðar. Þurfi hins vegar að fella niður skólahald vegna veðurs eða ófærðar er það auglýst í Ríkisútvarpinu svo fljótt sem verða má og eru upplýsingar lesnar inn á upplýsingasíma skólans 878-1603 og settar á heimasíðu skólans www.krummi.is. Veður og færð í Eyjafjarðarsveit getur verið mjög mismunandi. Í hluta sveitarinnar getur verið ferðaveður á meðan ekki er um það að ræða annarsstaðar. Það er foreldra að meta hvort þeir sendi börn sín í skóla og eru þeir beðnir að tilkynna til skólans ef þeir telja nauðsynlegt að halda börnunum heima. Þurfi að senda nemendur fyrir heim vegna veðurs er gengið úr skugga um að foreldrar yngri barnanna fái vitneskju um það.

SÍMTÖL

Nemendur geta hringt hjá ritara ef nauðsyn krefur og foreldrar geta jafnframt haft samband við börnin hjá ritara.

SKÓLABÆKUR

Nemendur fá allar lestrarbækur að láni og eiga að skila þeim að notkun lokinni. Fara verður vel með bækurnar, því þær þarf að nota aftur. Verkefnabækur fá nemendur til eignar. Glati nemandi bók eða skemmi þarf hann að greiða fyrir hana.

SKÓLAHÚSNÆÐI

Hver bekkur hefur sína heimastofu, 8. – 10. bekkur í kjallara íþróttahúss, 4.-7. bekkur í suðurálmú og 1.-3. bekkur í miðju hússins. Í kjallara íþróttahúss eru einnig tölvustofa, hand- og myndmenntastofa, bókasafn og félagsmiðstöð unglunga. Að auki er kennt í íþróttahúsi og sundlaug, tónmennt er kennd á jarðhæð í vesturálmú heimavistarhúss, smíðar eru kenndar í kjallara norðurálmú heimavistarhúss og heimilisfræði er kennd á Laugalandi.

SKÓLALEIKVÖLLUR

Leiksvæði nemenda eru kringum skólahúsið. Þar eru leiktæki og boltavellir. Nemendum er óheimilt að fara út fyrir skólalóðina á skólatíma nema með leyfi eða í umsjón kennara.

SKRIFSTOFA

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 – 16:30 mánudaga til fimmtudaga og til 15:30 á föstudögum.

ÚTIVIST OG KLÆÐNADUR

Nemendur í 1. - 7. bekk skulu fara út í löngu frímínútunum daglega. Einnig fer kennsla stundum fram utan dyra, ýmist á skólalóð eða í næsta nágrenni. Brýnt er að nemendur klæði sig eftir veðri hverju sinni þannig að þeir geti notið útivistarinnar í leik og námi.

ÖRYGGISMÁL

SKÓLABÍLAR

Í skólabílunum eru öryggisbelti sem nemendum er skylt að nota. Samkvæmt umsögn Umferðarstofu til skólanefndar Eyjafjarðarsveitar eiga bílstjórar að minna nemendur á að nota beltin og er skylt að setja upp merki í bílunum til að minna á beltanotkun en ekki er hægt að gera kröfu til þess að bílstjóri fylgist með því hvort fyrirmælum er hlýtt. Það er því mikilvægt að foreldrar og kennarar brýni fyrir börnunum að nota öryggisbelti.

UMFERÐARGÆSLA

Við gangbrautina úr Reykárhverfi er gangbrautarvörður á morgnana frá kl. 8:00 – 8:15.

ÖRYGGISTÆKI

Um leið og skyggja tekur skulu nemendur bera **endurskinsmerki**. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að fræða um mikilvægi þess sem og að dreifa endurskinsmerkjum. Nemendum er skylt að nota hjálma á hjólum og æskilegt er að nota hjálm á línuskautum, hlaupahjólum og hjólabrettum.

BIFHJÓL

Nemendum með próf á létt bifhjól er heimilt að koma á hjólinu til og frá skóla en ekki er heimilt að nota hjólið á skólatíma nema með heimild skólastjóra.

GÆSLA

Utan kennslustunda eru skólaliðar við gæslu úti á skólavelli, á göngum og í félagsmiðstöð unglinga. Í löngu frímínútum er einnig kennari við gæslu á leikvelli. Í búningsklefum eru baðverðir við gæslu.

TRYGGINGAR

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir á leið í og úr skóla og meðan á skólavist standur. Tryggingar greiða eina heimsókn á slysadeild og skaðabætur ef varanlegur skaði hlýst af slysi.

Eignatjón hjá nemendum er að öllu jöfnu ekki greitt af skóla nema um sé að ræða sannanlega vanrækslu af hálfu skólans.

SKÓLAVISTUN

Skólavistun er starfrækt í Hrafnagilsskóla. Þar gefst foreldrum kostur á að hafa nemendur í 1. – 4. bekk í vistun frá skólalokum til kl. 16:15. Ef foreldrar óska þá fá nemendur aðstoðað við heimanám???

Skóla lýkur á yngsta stigi:

- kl. 14:00 á mánudögum
- kl. 14:00 á þriðjudögum
- kl. 12:05 á miðvikudögum
- kl. 13:10 á fimmtudögum

kl. 13:10 á föstudögum

Heildartímafjöldi á viku í fullri vistun er 14,75 klst. Gjald fyrir fulla vistun er kr. 8.968. Greitt er fyrir þann tíma sem barnið er en þó aldrei lægri upphæð en 3.923 kr. Á miðvikudögum fá vistunarbörnin mat í mötuneytinu strax eftir skóla og kostar máltíðin 290 kr. Síðdegishressing er framreidd kl. 15:00 alla daga og kostar 90 kr.

Eigi að breyta þeim tíma sem barnið er í skólavistun þarf að tilkynna það til Nönnu ritara fyrir 25. næsta mánuð á undan í síma 464-8100 eða á nanna@krummi.is. Sé ekki haft samband er lítið svo á að um óbreyttan tíma verði að ræða.

Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðarlega.

SKÓLAAKSTUR

Ekið er skv. tímatöflu sem birt er á heimasíðu skólans. Bílstjórar munu ekki hringja heim ef nemandi er ekki kominn á réttum tíma í skólabílinn og eru foreldrar hvattir til að láta bílstjórana vita ef um forföll er að ræða. Símanúmer hjá SBA er 550-0700. Skólabílar bíða aldrei lengur en 10 mínútur eftir að skóla lýkur.

Upplýsingar um akstur, veður og færi munu birtast á upplýsingasíma skólans milli kl. 7:00 og 7:30 þá morgna sem tvísýnt er um veður og tafir fyrirjáanlegar á áætlun. Upplýsingasími skólans er **878-1603**

Allir skólabílar eru með bílbeltum í sætum og er nemendum skylt að nota þau.

Ef nemendur ætla að fara annað en heim með skólabíl er ekki hægt að treysta á að það sé hægt, því bílstjórum er ekki leyfilegt að taka fleiri farþega en þeir geta tekið í sæti.

HEILSUGÆSLA

Hjúkrunarfræðingur skólans er Hugrún Hjörleifsdóttir og er hún við sem hér segir: Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 8:30 til 14:15. Starfshlutfall hennar við skólann er 30%. Skólalæknir er Þorgils Sigurðsson og er hann til viðtals í samáði við skólahjúkrunarfræðing.

Heilsugæsla í skólum er framhald ung- og smábarnaverndar. Hún er m.a. fólgin í reglulegum heilsufarsathugunum og ónæmisáðgerðum ásamt heilbrigðisfræðslu og ráðgjöf. Auk þess sinna hjúkrunarfræðingar í skólum sjúkra- og slysaþjónustu að vissu marki. Auk þess sem lögð er áhersla á heilbrigðisfræðslu og forvarnir af ýmsu tagi munu eftirfarandi mælingar eða skimanir fara fram:

1. bekkur

Sjónpróf, heyrnarpróf, hæðar-og þyngdarmæling. Fræðsla um hreinlæti og hollustu, slysaþjónusta og hreyfingu.

2. bekkur

Fræðsla um hvíld, tilfinningar og líðan. Hjálmafræðsla að vori.

3. bekkur

Fræðsla um hollustu og hreyfingu. Hjálmafræðsla að vori.

4. bekkur

Sjónpróf, hæðar-og þyngdarmæling. Læknisskoðun (nánar auglýst þegar nær dregur, ekki er um neina bólusetningu að ræða). Fræðsla um slysaþjónusta, hreinlæti, tannheilsu, tilfinningar, líðan og sjálfsmynd. Hjálmafræðsla að vori.

5. bekkur

Fræðsla um hreyfingu, hollustu, tilfinningar, líðan og samskipti. Hjálmafræðsla að vori.

6. bekkur

Fræðsla um kynþroskann. Hjálmafræðsla að vori.

7. bekkur

Sjónpróf, hæðar-og þyngdarmæling og athugun á litaskyni. Kynfræðsla m.t.t. kynþroska og breytinga honum tengdum. Sýnt verður myndband og bæklingur afhentur. Umræður í hópum. Sjálfsmat um eigið heilbrigði (eyðublað fyllt út og samtali við skólahjúkrunarfræðing). Bólusetning gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum (ein sprautu) - nánar auglýst þegar nær dregur.

8. bekkur

Fræðsla um átraskanir, áfengi og tóbak, mataræði og kynheilbrigði.

9. bekkur

Sjónpróf, heyrnarpróf, hæðar-og þyngdarmæling. Sjálfsmat um eigið heilbrigði (eyðublað fyllt út og samtali við skólahjúkrunarfræðing). Kynfræðsla: Umfjöllun er tengist kynhegðun og samskiptum, hreinlæti, getnaðarvörnum og kynsjúkdómum. Læknisskoðun og bólusetningar gegn mænusótt, barnaveiki, stífkrampa og kíghósta (gefið í einni sprautu, - nánar auglýst þegar nær dregur).

10. bekkur

Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl, samkynhneigð og foreldrahlutverkið. Einnig er fræðsla um krabbamein í húð, eistum, leghálsi og brjóstum. Heimsókn á Heilsugæslustöð og starfsemi hennar kynnt. Útskriftarviðtal skólaheilsugæslu og tækifæri til spurninga, afhentur bæklingur um hvert hægt er að leita eftir útskrift, s.s. innan heilsugæslunnar..

Ef foreldrar/forráðamenn hafa áhyggjur af heilsufari barns t.d. varðandi ofantalda þætti er fólk vinsamlega beðið um að koma þeim upplýsingum til hjúkrunarfræðings svo hægt sé að bregðast við.

Þá eru kennarar ávallt vakandi fyrir því að vísa börnum til hjúkrunarfræðingsins, sérstaklega ef grunur vaknar um að sjón eða heyrn hafi versnað.

Flúorskolun fer fram hálfsmánaðarlega í 1., 7., og 10. bekk.

Ráðlegt er að ráðfæra sig um frekari flúornotkun við tannlækni heimilisins.

Þá mun fræðsla og forvarnarstarf fara fram í ýmsum bekkjum eftir því sem við á og í samráði við kennara. Sú fræðsla fjallar þá m.a. um; persónulegt hreinlæti, tannhirðu, hollt mataræði, æskilegan svefntíma, hjálmanotkun, samskipti og fíkniefni.

STARFSFÓLK

Aníta Jónsdóttir	námsráðgj. og kennari	anita@krummi.is
Anna Guðmundsdóttir	aðstoðarsk.stj.	annag@krummi.is
Anna Helga Tryggvadóttir	skólaliði	annat@krummi.is
Dögg Stefánsdóttir	kennari	dogg@krummi.is
Guðrún Harðardóttir	stuðningsfulltrúi	
Björk Sigurðardóttir	kennari	bjork@krummi.is
Dagmar Þóra Sævarsdóttir	kennari	dagmar@krummi.is
Deborah Júlía Robinson	iðjubjálfi	debbie@krummi.is
Einar Gíslason	kennari	einarg@krummi.is
Elísabet Skarphéðinsdóttir	skólaliði	edda@krummi.is
G. Charlotta Þorgilsdóttir	skólaliði	lotta@krummi.is
Guðný Helga Guðmundsdóttir	stuðningsfulltrúi	gudnyhelga@krummi.is
Halla Óladóttir	kennari	halla@krummi.is
Hans Rúnar Snorrason	kennari	hans@krummi.is
Hugrún Hjörleifsdóttir	hjúkrunarfræðingur	hugrun@krummi.is
Hulda M. Jónsdóttir	kennari	huldaj@krummi.is
Inga Arnhildur Ásgeirsdóttir	kennari	ingaa@krummi.is
Inga Björk Harðardóttir	kennari	ingab@krummi.is
Jóhanna Kjartansdóttir	skólaliði	johannak@krummi.is
Karl Frímannsson	skólastjóri	karl@krummi.is
Katrín Úlfarsdóttir	kennari	katrin@krummi.is
Kristín Kolbeinsdóttir	kennari	kristin@krummi.is
Lilja Friðriksdóttir	kennari	lilja@krummi.is
Lísbet Patrisía Gísladóttir	kennari	lisbet@krummi.is
Margrét B. Aradóttir	umsj.m. bókasafns	margret@krummi.is
María Gunnarsdóttir	kennari	maria@krummi.is
María Ketilsdóttir	leikskólakennari	mariak@krummi.is
Nanna Á. Jónsdóttir	ritari	nanna@krummi.is
Óðinn Ásgeirsson	kennari	odinn@krummi.is
Ólöf Ása Benediktsdóttir	kennari	asa@krummi.is
Páll Pálsson	kennari	pall@krummi.is
Sigríður Bjarnadóttir	skólaliði	sigridur@krummi.is
Tryggvi Heimisson	kennari	tryggvi@krummi.is
Þóra Víkingsdóttir	kennari	torav@krummi.is

SAMSTARFSADILAR

TÓNLISTARSKÓLI EYJAFJARÐAR

Í tónlistarskólanum er boðið upp á kennslu á flest öll algengustu hljóðfæri. Kennslufyrirkomulagið er með þeim hætti að nemendur sækja tónlistartíma á venjulegum skólatíma og eru þá teknir út úr bekkjatímum. Mælt er til að nemendur sem eiga heima í nágrenninu sækji spílatíma utan starfstíma grunnskólans. Í forskóla, sem er skyldunám í 1.- 4. bekk, læra börnin undirstöðuatriði í tónlist, svo sem taktskynjun, hlustun á tónlist, blokkflautuleik og fleira. Nemendur í 4. bekk mega velja sér hljóðfæri til að læra á. Fyrri hluta vetrar er þeim kennt í litlum hópum á hljóðfæri sem þau velja sér en seinni hluta vetrar eru allir saman í einni hljómsveit.

Tónleikar eru fastur þáttur í starfsemi skólans og hver nemandi kemur minnst tvisvar fram á hverjum vetri. Einnig eru dvalarheimili aldraðra heimsótt og nemendur taka þátt í athöfnum í kirkjum á svæðinu auk margs annars. Tónlistarnemar koma auk þess fram á samverustundum.

Kennslan miðast við að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð og er námsefnið þannig valið að hver og einn geti leikið sér og öðrum til ánægju og þroski jafnframt hæfileika sína og víkki sjóndeildarhringinn.

Sími skólans er 464-8110 og farsími skólastjóra er 898-6571.
Netfang skólans er te@krummi.is

UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHERJAR

Umf. Samherjar sér um skipulagðar íþróttæfingar og hafa þær verið tímasettar í beinu framhaldi af skóladegi eða fyrir ef tímar eru lausir í íþróttamannvirkjunum. Við það skapast samfelldur viðverutími. Þetta gildir suma daga en ekki alla. Heimasíða U.m.f. Samherja er <http://www.samherjar.is>.

Í 33. grein grunnskólalaga um tómstundastörf og lengda viðveru segir:

Í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Tómstunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma. Sveitarstjórn getur enn fremur boðið grunnskólanemendum lengda viðveru utan daglegs kennslutíma.

LEIKSKÓLINN KRUMMAKOT

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Hrafnagilsskóla hafa verið á leikskólanum Krummakoti. Samstarf leikskóla og grunnskóla er því mikilvægt hvað varðar samfelli í námi þannig að nemendur verði betur búnir undir grunnskólagöngu.

Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og 1. bekkur hittast reglulega og taka þátt í starfi sem skipulagt er í sameiningu af umsjónarkennara 1. bekkjar og leikskólakennurum. Nemendum er skipt í blandaða hópa sem fást við afmörkuð verkefni innan skólans, í leikskólanum og úti við í nágrenni skólanna. Jafnframt fá verðandi 1. bekkingar kynningu á húsakynnum skólans.

Börn sem ekki eru í leikskólanum en eiga að hefja skólagöngu á næsta ári eiga þess einnig kost að taka þátt í þessu starfi.

AÐRIR SAMSTARFSADILAR

Lögreglan á Akureyri kemur reglulega í heimsókn og fræðir nemendur um umferðaröryggi.

Hjálparsveitin Dalbjörg kemur að fræðslu um öryggismál og kennslu um ferðamennsku.

MÖTUNEYTI

Rekið er mötuneyti við Hrafnagilsskóla og fá nemendur í 5.-10. bekk hádegisverð alla virka daga en nemendur í 1.-4. bekk fjóra daga í viku en á miðvikudögum lýkur skóla kl. 12:05 hjá yngstu börnunum.

Valdemar Valdemarsson, matreiðslumaður, sér um rekstur mötuneytisins en útreikningar og innheimta er í höndum ritara skólans og starfsmanna á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Mötuneytisgjöldum er skipt í fjóra jafna hluta og eru sendir út greiðsluseðlar með gjalddögum 1. sept, 1. nóv., 1. febr. og 1. apríl.

Veittur er systkinaafsláttur. Ef fleiri en tvö systkini eru í Hrafnagilsskóla er einungis greitt fyrir þau tvö elstu.

Haustið 2009 hækkuðu verð um 11,4% (neyslúvísitöluhækkun ágúst 2008 til ágúst 2009) og skólaárið 2009-2010 eru þau sem hér segir:

1.- 7. bekkur kr. 290

8. – 10. bekkur kr. 360

Reynsla undanfarinna ára sýnir að nánast allir nemendur borða í mötuneytinu. Þess vegna biðjum við þá sem ekki ætla að hafa börn sín í mötuneytinu að tilkynna það til Nönnu ritara í síma 464-8100 fyrir 26. ágúst.

Lögð er áhersla á að í mötuneytinu njóti nemendur fjölbreyttrar fæðu í hæfilegu magni, að matvælin séu rík af næringarefnum og fersk og að þau séu í háum gæðaflokki. Alla daga er eftirmatur, ýmist spónmatur eða ávextir. Matseðlar eru gerðir fyrir mánuð í senn og birtast á heimasíðu skólans.

Útreikningar á mótuneyti skólaárið 2009-2010				
		Verð		Verð
Bekkur	Fj. daga	pr. máltíð	Heildarverð	pr. gjaldd.
1.b	136	290	39.440	9.860
2.b	136	290	39.440	9.860
3.b	136	290	39.440	9.860
4.b	136	290	39.440	9.860
5.b	172	290	49.880	12.470
6.b	172	290	49.880	12.470
7.b	167	290	48.430	12.108
8.b	172	360	61.920	15.480
9.b	172	360	61.920	15.480
10.b	168	360	60.480	15.120